

Nd. **443. Frumvarp til laga** [232. mál]
um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Við fyrri málsgr. 8. gr. laganna bætist:

Hámark verðlauna fyrir að vinna grendýr skal vera kr. 1 500.00 fyrir fullorðið dýr og kr. 800.00 fyrir hvern yrðling.

2. gr.

9. gr. laganna breytist þannig:

- a. Fyrir „kr. 350.00“ í 1. málsgr. komi: kr. 2 500.00.
- b. Fyrir „kr. 200.00“ í 2. málsgr. komi: kr. 1 500.00.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 9 19. mars 1964 og lög nr. 26 5. apríl 1971.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd flytur frumvarp þetta að beiðni veiðistjóra. Er einungis um að ræða hækkun á verðlaunum fyrir að vinna refi og minka með hliðsjón af þeim breytingum á verðlagi, sem orðið hafa. Verðlaun þessi hafa verið hækkuð tvisvar áður af sömu ástæðum, árið 1964 og 1971. Hámark verðlauna fyrir að vinna grendýr hefur síðan 1971 verið 700 kr. fyrir fullorðið dýr og 300 kr. fyrir yrðling, en lagt er til að þær upphæðir verði 1500 kr. og 800 kr. Verðlaun fyrir að vinna hlaupadýr hafa síðan 1971 verið 1100 kr. fyrir hverja tófu, en lagt er til að þau verði hækkuð í 2500 kr. Fyrir hvern mink, sem vinnst, eru greiddar 700 kr. í verðlaun síðan 1971, en lagt er til að þau hækki í 1500 kr. Veiðistjóri gerir í bréfi sínu til nefndarinnar nánari grein fyrir þörf á þessum hækkunum, og er bréfið birt hér á eftir sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS VEIÐISTJÓRI

Reykjavík, 27. janúar 1975.

Í marsmánuði 1974 skrifaði ég undirritaður til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis og ræddi einnig við háttvirta nefndarmenn um nauðsyn þess, að verðlaun fyrir að vinna refi og minka yrðu hækkuð í samræmi við þær hækkanir, sem orðið hafa, síðan þeim var breytt síðast á Alþingi fyrir fjórum árum. Þrátt fyrir góðar undirtektir alþingismanna náði erindi þetta ekki fullnaðarafgreiðslu á Alþingi, áður en hin óvæntu þingslit urðu s. l. vor. Ég leyfi mér því að mælast til, að háttvirtir þingmenn landbúnaðarnefndar taki þetta mál fyrir að nýju, eins fljótt og auðið er.

Á nýliðnu ári hafa enn orðið miklar verðhækkanir, svo núgildandi verðlaun, kr. 1 100.00 fyrir refi og kr. 700.00 fyrir minka, eru enn lengra frá að ná tilgangi sínum. Þegar lögin um eyðingu refa og minka voru samþykkt á Alþingi 1957 voru verðlaunin ákveðin kr. 350.00 á ref og kr. 200.00 á mink, og þótti þá sist of hátt. Miðað við kauptaxta þá, kr. 20—25 á tímann og nú um kr. 300.00 á tímann, ættu verðlaunin að vera ca. kr. 4 500.00 fyrir refi og kr. 3 000.00 fyrir minka, en verðmunur á skotvopnum, veiðiútbúnaði og bilkostnaði er nú margfalt meiri.

Mér er vel ljóst, að ofangreind upphæð á hækkun verðlauna muni þykja mikil og ekki líkleg til að ná samþykkt Alþingis. Ég leyfi mér því að benda á eftirfarandi tölur á verðlaunum fyrir unnin dýr og mælist eindregið til, að ekki verði lögboðin lægri verðlaun:

1. Fyrir refi utan grenja	kr. 2 500.00
2. Fullorðin grendýr	— 1 500.00
3. Yrðlingar (á grenjum)	— 800.00
4. Minkar, ungir og fullorðnir	— 1 500.00

Að sjálfsögðu væru hærri verðlaun æskilegri og líklegri til enn betri árangurs. Hins vegar er ég þess fullviss, að ofangreindar hækkanir yrðu til mikils gagns í eyðingarstarfinu og veiðimenn legðu sig mun betur fram.

Sú útgjaldaaukning, sem yrði við þessar verðlaunahækkanir á heildarkostnaði, gæti orðið allt að 700—800 þús. kr. vegna refa og um 3 milljónir króna vegna minka, en ríkissjóður greiðir $\frac{2}{3}$ hluta alls kostnaðar. Aftur á móti ber að hafa það í huga, að tímakaup og önnur útgjöld, eins og ferðakostnaður, yrðu lægri vegna hærri verðlauna.

Ég lít svo á, að heildarárangur af dýraeyðingunni hafi orðið góður og að sumu leyti eins og stefnt var að í upphafi. Refum hefur fækkað verulega og er nú sáralítið kvartað undan tjóni af þeirra völdum, miðað við það, sem áður var. Allt bendir til, að hægt sé að fyrirbyggja mikla fjölgun þeirra að nýju, ef vel er að þeim málum staðið.

Rétt er að geta þess, að orðrómur sá, sem heyrst hefur, að stefnt sé að gjör-eyðingu á íslenska refastofninum, hefur við engin rök að styðjast, enda mun sá misskilningur kominn frá fólki á þéttbýlissvæðum, sem lítið þekkir til þessara mála; a. m. k. hef ég aldrei orðið var við þann hugsunarhátt meðal veiðimanna.

Eyðing villiminka hefur gengið mismunandi vel eftir aðstæðum. Þeim fækkaði mikið fyrstu árin eftir að skipulögð eyðing þeirra hófst, en síðustu tvö árin hefur þeim fjölgað á ný og mun þar koma til m. a. meiri útbreiðsla minksins og minnkandi áhugi veiðimanna. Mest áhersla er lögð á að verja varplönd og veiðivatnasvæði, og eru þau víða vel varin fyrir ágengni minka.

Það, sem mestum erfiðleikum veldur í eyðingarstarfinu, er, hvað minkurinn er lítið dýr, sem er dreift um allt landið, svo vart er framkvæmanlegt að ætla sér að elta hvert dýr uppi. Ef borga ætti fjölda veiðimanna tímakaup við slík störf, yrði kostnaðurinn óviðráðanlegur.

Ég tel því vænlegra til árangurs, að verðlaunin fylgi nokkurn vegin verðlagi og séu það há, að þau freisti sem flestra til að leggja sig fram við eyðingarstarfið, en leggja hins vegar áherslu á, að skipulegar leitir fari fram, þar sem minkurinn veldur mestu tjóni, eins og t. d. í varplöndum og á veiðivatnasvæðum. Með aukinni lax- og silungsrækt er enn meiri þörf á að vera vel á verði gagnvart villiminknum.

Virðingarfyllt,
Sveinn Einarsson.

Til landbúnaðarnefndar
neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.